



GILJASKÓLI

Námsvísir 2009 - 2010

2. bekkur

Umsjónarkennarar: Steinunn L. Ragnarsdóttir og

Unnur Valgeirsdóttir

Stuðningsfulltrúi: Guðný Tryggvadóttir

Íþróttir: Matthea Sigurðardóttir og Þuríður Helga Þorsteinsdóttir

Sund: Einvarður Jóhannsson og Matthea Sigurðardóttir

Handmennt: umsjónarkennarar

Myndmennt: umsjónarkennarar

Tónmennt: Ásta Magnúsdóttir

Heimilisfræði: Alda Björk Sigurðardóttir

Tölvufræði: umsjónarkennarar

Upplýsingamennt: Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir

Skapandi starf, þemanám og samætting námsgreina	2
Námsmat	2
Foreldrasamstarf	2
Heimanám	3
Íslenska	3
Talað mál og framsögn	3
Bókmenntir	4
Málfræði	5
Stærðfræði	5
Samfélagsfræði	7
Náttúrufræði	8
Kristinfræði	9
Enska	10
Lífsleikni	10
Upplýsinga- og tæknimennt	11
Heimilisfræði	12
Tónmennt	12
Handmennt	13
Myndmennt	14
Íþróttir	14
Sund	16

Skapandi starf, þemanám og samætting námsgreina

Ríkjandi kennsluhættir eru samvinna, samþætting og skapandi starf. Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir og nálganir við kennsluna til að auka á fjölbreytileika hennar og ná til ólíkra nemenda með ólíkar þarfir. Markmiðið er að hafa kennsluna áhugavekjandi, fræðandi og skemmtilega. Námsgreinar eru samþættaðar eins og frekast er unnt, sem þýðir að námsgreinum er blandað saman svo stundum er verið að vinna að mörgum markmiðum í ólíkum námsgreinum í einu. Í *Aðalnámskrá grunnskóla*, eru að finna námsmarkmið fyrir hverja grein. Unnið verður með samvinnu og hópavinnu. Markmiðið er að nemendur læri að vinna saman, skipuleggja sig og komast að sameiginlegum niðurstöðum.

Námsmat

Hugtakið námsmat felur í sér allar þær aðferðir sem notaðar eru til að safna upplýsingum um nám og framfarir nemenda. Það er einnig notað þegar ákveða á áframhaldandi framgang þeirra í námi. Skilgreining *Aðalnámskrár grunnskóla* á námsmati styður einstaklingsmiðaða kennsluhætti en þar segir að námsmat miði að því að afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólafarsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Megintilgangur þess er því sá að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram.

Námsmat sem hjálp við nám felur m.a. í sér hvatningu frá kennara og uppbyggingu sjálfstrausts en einnig að finna leiðir til úrbóta þegar vandamál steðja að í náminu. Námsmat fer fram jafnt og þétt á námstímanum og er ætlað að vera kennurum, nemendum og forráðamönnum leiðbeining í frekari skipulagningu náms.

Grundvallarþættir við námsmat eru námsárangur, leikni, framfarir, virkni í kennslustundum, hegðun, vinnubrögð og samskipti.

Fjársjóðsmappan mín er ferilmappa 2. bekkjar og gefur til kynna hvernig nemenda hefur gengið við námið á námstímabilinu, þ.e. gefur heildræna sýn á námsframvindu. Reynt er að leggja mat á persónulegan og félagslegan þroska nemandans, vinnuvenjur og áhuga á skólafarsinu. Mappan inniheldur verk sem kennarinn safnar yfir veturinn sem sýna nám og framfarir.

Tilgangur Fjársjóðsmöppunnar er að gefa mynd af getu nemandans, vinnu og framförum og ekki hvað síst að upplýsa foreldra um nám og framfarir barns síns.

Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að halda áfram að byggja upp góð tengsl milli heimili barns og skóla. Nauðsynlegt er að foreldrar fylgist með námi barna sinna og að samskipti þeirra og kennara séu byggð á gagnkvæmu trausti og heiðarleika.

Foreldrar koma í viðtöl til umsjónarkennara í skóla. Sérstakur morgunfundur er haldinn með foreldrum þar sem námsefni vetrarins er kynnt, kennsluhættir kynntir og farið yfir áherslur vetrarins. Umsjónarkennarar nota Mentor.is til að koma áleiðis tilkynningum er varðar skólafarsið. Foreldrar eru hvattir til samskipta við kennara með margvíslegum hætti. Foreldrum er boðið að koma að lágmarki tvisvar í viðtöl í skóla, eitt að hausti og annað á vorönn. Þeir geta einnig óskað eftir viðtali við kennara hvenær sem er skólaársins. Kennarar senda foreldrum tölvupóst gegnum Mentor.



Heimanám

Heimavinna kynnir og þjálfar námsþætti sem unnið er með í skóla og foreldrar sjá hvernig barninu fleygir fram. Tilgangur heimanámsins er að foreldrar taki þátt í námi barna sinna og örvi áhuga þeirra á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Kennarar leggja áherslu á að heimavinnu sé skilað á réttum tíma og að henni sé sinnt af alúð og kostgæfni. Umsjónarkennarar óska eftir því að foreldrar hafi samband ef ekki næst að skila heimavinnu á tilsettum tíma. Einnig eru foreldrar hvattir til að hafa samband ef þeir telja heimavinnu of léttu eða þunga eða taka of langan tíma að þeirra mati.

Íslenska

Kennt er eftir aðferðinni Byrjendalæsi þar sem unnið er jöfnum höndum með hlustun, tal, lestur og ritun. Unnið er með gæðatexta sem lagður er til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi.

Talað mál og framsögn

Markmið

- Að nemandi
- þjálfist í að bera fram öll íslensk málahljóð
- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- tjái sig munnlega í leikjum
- fái tækifæri til að segja frá eigin reynslu
- fái tækifæri til að ræða við bekkjarfélaga sína, t.d. þegar upp koma vandamál, og reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- vinni verkefni sem gera kröfur um munnlega tjáningu
- fái tækifæri til að kynna vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum
- þjálfist í að endursegja og/eða lesa sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga
- fái tækifæri til að undirbúa stuttar frásagnir
- taki þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði
- geri sér grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og læri að fara eftir þeim
- sé hvattur til að tala skýrt og áheyrilega
- fái tækifæri til að syngja algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng, m.a. söngva sem tengjast ólíkum árstíðum.

Námsgögn og leiðir

Nemendur taka þátt í samverustundum þar sem þeir segja frá eigin reynslu, lesa eigin ritsmíðar, hlusta á frásagnir annarra, lýsa hlutum. Þeir eru örvaðir til að taka þátt í umræðum um atburði líðandi stundar. Lagt er upp úr því að nemendur tali skýrt og rétt mál og hugað að málfari þeirra. Unnið er með sögur og ljóð til að örva ímyndunarafli og frásagnargleði nemenda. Stuðlað er að auknum orðaforða og málþroska nemenda.



Námsmat

Sjá almennan kafla um námsmat.

Hlustun og áhorf

Markmið

- Að nemandi
- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. á hljóð- eða myndbandi
- hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna
- fari í leiki sem gera kröfur um að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim
- skoði myndir og segi frá efni þeirra
- horfi á leikþætti og söngatriði ýmist á sviði eða af myndbandi
- geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á
- hlusti á upplestur á sögum og leiktextum eftir íslenska og erlenda höfunda
- hlusti á upplestur ljóða með sterkri hrynjandi.

Námsgögn og leiðir

- Vinna tengist öðrum þáttum íslenskunnar sem og öðrum námsgreinum. Kennari les fjölbreytt efni fyrir nemendur í nestistímum, horft verður á myndbönd, hlustað á sögur o.fl. af geisladiskum. Nemendur flytja leikrit og leikþætti til að efla hlustun og framsögn.

Námsmat

Sjá almennan kafla um námsmat.

Bókmenntir

Markmið

- Að nemandi
- kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum, m.a. úr heimabyggð
- læri vísur og ljóð utanbókar til söngs
- taki þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta
- þjálfist í að fá bók að láni á skólasafni
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á
- fái tækifæri til að lesa frásagnir sem myndefni fylgir, t.d. myndskreyttar goðasögur, þjóðsögur og skopsögur
- fái tækifæri til að lesa sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- kynnist hugtökum eins og persóna, söguhetja og rím
- kynnist gamansögnum og átti sig á kímni.

Námsgögn og leiðir

Nemendur hlusta á og lesa alls kyns texta eins og ljóð, sögur, þjóðsögur og ævintýri. Þá vinna þeir ýmis verkefni tengd innihaldinu og upplifun þeirra á þeim. Nemendur eru hvattir til að semja ljóð og sögur. Samþætt verður við önnur fög eins og myndmennt, samfélagsfræði og lífsleikni.



Námsmat

Sjá almennan kafla um námsmat.

Málfræði

Markmið

- Að nemandi
- læri að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning
- fái tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt
- geri sér grein fyrir að orð eru til í mismunandi beygingarmyndum
- kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn
- átti sig á mun sérhljóða og samhljóða
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með rími og orðaleikjum.

Námsgögn og leiðir

Máltilfinning þjálfuð með málfræðiverkefnum og ýmsum leikjum/söngvum. Unnið verður með ýmislegt efni, s.s. bækurnar *Pínulítla Ritrún*, *Litla Ritrún* og fjölritað efni. Mið tekið af þroska hvers og eins í kennslu einstakra þátta.

Námsmat

Sjá almennan kafla um námsmat.

Stærðfræði

Markmið

- Að nemandi
- skrái upplýsingar þar sem háar tölur koma fyrir, t.d. verð í verðlistum
- lesi (með aðstoð) texta um stærðfræðileg viðfangsefni og greini um hvað hann fjallar
- semji sögur um stærðfræðileg verkefni
- túlki niðurstöður útreikninga á grundvelli gagnasöfnunar, munnlega, með skýringarmyndum og á táknmáli stærðfræðinnar
- útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni með aðstoð hluta (t.d. kubba eða talnagrindar) eða myndrænna skýringa
- vinni með öðrum að lausn þrauta, ræði um og prófi mismunandi lausnarleiðir og skýri lausnarferli sitt fyrir öðrum
- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum til að leysa vandamál
- vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir
- fari í leiki og spil, s.s. lúdó, myllu eða skák, sem reyna m.a. á talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni
- finni út með spurningum hverju er lýst
- temji sér að nota þekktar staðreyndir til að álykta út frá
- vinni með peninga/kennslupeninga, flokki eftir tegund myntar og telji saman ákveðna upphæð
- geri tilraunir með skálavog
- ræði hugtök tengd hitamælingum, s.s. heitur, kaldur, hlýr, fylgist með veðrinu og lesi hitastig af hitamæli



- ræði um tímatal, m.a. um vikur, mánuði og ár
- vinni með klukku, bæði talna- og skífuklukku
- áætli fjölda hluta, telji með aðstoð talnagrindar eða sætisgildiskubba og sannreyni ágiskun sína
- raði tölum í flokka eftir tilteknum eiginleikum, t.d. oddatölur, tugtölur, tölur sem enda á 5 o.fl.
- vinni með talnalínu til að fá tilfinningu fyrir uppbyggingu tugakerfisins
- noti vasareikni til að skoða hvernig tölur breytast þegar bætt er við tug, hundraði eða þúsundi
- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá, margfalda eða deila til að finna lausn
- noti talnalínu til að skoða eðli reikniaðgerða og kanna innbyrðis tengsl þeirra. Hvað gerist þegar lagt er saman, dregið frá? Er sama í hvaða röð tölurnar, sem unnið er með, eru valdar?
- skoði hvernig margföldunartöflur mynda talnamynstur út frá endurtekinni samlagningu, t.d. með því að lita tölurnar í margföldunartöflum og athuga mynstrin
- kynnist deilingu bæði sem skiptingu og endurteknum frádrætti
- þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna, s.s. smáhluti, kubba, talnagrindur, reiknivélar og skýringarmyndir
- þjálfist í að nota þekkingu sína á tölum við hugarreikning
- skoði og myndi talnamynstur, s.s. hvernig mynstur sléttar tölur annars vegar og oddatölur hins vegar mynda í talnatöflu þar sem tölunum 1-100 er raðað í 10 dálka, 5 dálka o.s.frv.
- æfi talnarunur, t.d. með því að klappa og telja um leið en segja bara aðra, þriðju eða fimmtu hverja tölu upphátt
- skoði lögum hluta og ræði um eiginleika og notagildi
- búi til flatarmyndir úr tvívíðum formum
- beri saman flatarmál rétthyrninga og margföldun tveggja talna
- mæli með stöðluðum einingum, s.s. sentikubbum, og beri saman við mælingar með reglustiku eða málbandi (cm, dm, m)
- kanni rúmmál vökva með því að hella á milli íláta og beri saman við upplýsingar um magn á umbúðum
- vinni með samhverfur, t.d. í bókstöfum, og athugi hvort speglunarásar eru einn eða fleiri
- geri töflur og einföld súlurit um áhugamál sín eða annað sem tengist daglegu lífi
- taki þátt í umræðum og fáist við útreikninga út frá þeim upplýsingum sem er að finna í súluritunum. Munar miklu á hæstu og lægstu súlunni? Er það mikið eða lítið? Hvað er samtals mikið í tveimur eða fleiri súlum? Ef öllu væri skipt jafnt hvað kæmi þá í hvern hlut?
- ræði um líkur á að atburðir gerist.

Námsgögn og leiðir

- Námsþættir í námsbókum tengdir daglegu lífi og unnið með þá á hlutlægan hátt þegar það er hægt. Lögð er áhersla á að nemendur venjist því að draga ályktanir, finna kerfi, sjá samhengi og leita eigin leiða að lausn verkefna. Þá verður lögð áhersla á að nemendur noti hjálpargögn og venjist umræðum um stærðfræði þannig að þeir geti útskýrt eigin niðurstöður og leiðir að þeim. Unnið með tölurnar frá 0-100, röðun þeirra og gildi. Margföldun og deiling/skipting kynnt. Ýmis stærðfræðiverkefni send heim með jöfnu millibili til að þjálfra enn frekar þá þætti sem unnið er með í skólanum. Lögð verður áhersla á fjölbreytt vinnubrögð og samþættingu. Eftifarandi námsbækur verða notaðar; *Sproti 1*, *Sproti 2a*, *Eining 3* og *Eining 4*, *Tíu tuttugu*, *Verkefni fyrir vasareikni 1* og *2*. hefti, *Viltu reyna?*, ýmis aukahefti og blöð. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér ýmis hjálpargögn s.s. talnagrindur, kubba, spil og klukkur.

Numicon kubbar kynntir og notaðir sem aukaefni.



Námsmat

Áhersla er lögð á mat einstaklings, þar sem framfarir eru metnar og miðaðar út frá fyrri þekkingu. Margvíslegar kannanir eru lagðar fyrir nemendur. Nemendur fá umsögn í lok skólaárs.

Samfélagsfræði

Markmið

Að nemandi

- læri að hver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild, fjölskyldu, skólasamfélagi, bæjarfélagi, þjóðfélagi og að því fylgir ábyrgð
- þekki hlutverk einstaklinga í fjölskyldu, t.d. með því að hugleiða stöðu sína í eigin fjölskyldu
- athugi og ræði stöðu og ábyrgð beggja kynja í fjölskyldum
- átti sig á hlutverki fjölskyldunnar í samfélagi manna
- þekki til mismunandi fjölskyldugerða í íslensku samfélagi
- kynnist skólahúsinu og fái nokkra innsýn í skólastarfið, t.d. með heimsóknum í eldri bekki skólans
- geri sér ljóst hvað felst í hugtakinu grunnskóli
- þekki nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og/eða sögulegar byggingar í nágrenni skólans
- tileinki sér sögur eða frásagnir tengdar heimabyggð
- þekki íslenska fánann og hvað litir hans tákna, skjaldarmerki Íslands og söguna af landvættunum
- læri um hlutverk nokkurra þjónustustofnana í samfélaginu, svo sem skóla, sjúkrahúsa og lögreglu
- kynnist Íslendingasögum og verði kunnugur nokkrum persónum í þeim
- kynnist nokkrum dæmum um störf til sjávar og sveita
- fræðist um nýbúa á Íslandi, hvaðan þeir koma helst og nokkrar ástæður þess að þeir hafa flust hingað
- átti sig á mikilvægi samskipta Íslands við útlönd, bæði efnahagslega og menningarlega
- geri sér grein fyrir að til eru mismunandi menningarsvæði, siðir, venjur og trúarbrögð í heiminum
- skilji tímahugtök tengd árstíðum og gangi himintungla, svo sem sólarhring, skammdegi og jafndægri
- þjálfist í að segja frá atburðum í tímaröð, t.d. með því að hlusta á frásögn og endursegja
- fái þjálfun í að skrá atburði og athuganir skipulega í sögu- eða atburðabók
- fái þjálfun í að skrá dagbók, t.d. hvað gert hefur verið í skólanum yfir daginn
- fái æfingu í að vinna með öðrum að afmörkuðu verkefni
- fái tækifæri til að lifa sig inn í atburði eða umhverfi með því að búa til veruleika í samvinnu við aðra, t.d. sögu svið í sveit, bæ eða borg, á sjúkrahúsi, í skóla eða úr bók sem lesin hefur verið í bekknum
- kynnist margbreytileika mannlífs og geri sér ljóst að til eru margar þjóðir og kynþættir í heiminum, t.d. með því að heyra frásögn nýbúa af framandi siðum, skoða myndir af ólíku fólki og umhverfi úr myndasafni eða í dagblöðum og tímaritum, taka eftir fréttum af fólki í útvarpi og sjónvarpi eða leita á Netinu
- þjálfist í að hlusta og endursegja
- fái þjálfun í að miðla upplýsingum í samhengi og ákveðinni röð, t.d. tímaröð.



Námsgögn og leiðir

Unnið verður út frá nemendunum sjálfum, reynslu þeirra og nánasta umhverfi. Nemendur taka þátt í samræðum og vinna verkefni tengd viðfangsefnum ýmist í hópum eða einir. Unnið er að því að bæta við nýrri færni og þekkingu nemenda. Áhersla er lögð á skapandi starf og samvinnu nemenda. Viðfangsefni vetrarins eru m.a. fjölskyldan, steinar og húsdýr. Mikil samþætting er við aðrar námsgreinar eins og íslensku, myndmennt og handmennt. Námsbækur úr flokknum *Komdu og skoðaðu*, myndbönd, vettvangsferðir og fleira.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna, vinna og vinnubrögð metin. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.

Náttúrufræði

Markmið

Úr eðlisvísindum

Að nemandi

- athugi ýmis ólík fyrirbæri með tilliti til mismunandi lita, s.s. regnbogann, olíubrák, þrístrent gler
- geri athuganir sem sýna áhrif veðurs og vinda á efni, t.d. að þvottur þornar fyrr og að pollar gufa upp þegar sólin skín eða vindur blæs
- geri athuganir á mismunandi efnum, s.s. ull, leðri, pappír og plasti, út frá eiginleikum, notkun og möguleikum til endurvinnslu
- geri athuganir í tengslum við hreyfingu, s.s. með hluti eins og blöðrur, gorma, leikfangabíla, rólur og vegasölt
- geri athuganir með skugga sem sýna að skuggar eru svæði sem ljós nær ekki til, lögum skugga breytist yfir daginn
- vinni með andhverfar og speglaðar myndir
- geri einfaldar tilraunir sem sýna stöðurafmagn, s.s. í rafmögnum hári og með því að nudda fótum við teppi

Úr jarðvísindum

- geri athuganir sem sýna að sólarljósið inniheldur blöndu af litum regnbogans, t.d. með þrístrent gler
- geti tengt dægra- og árstíðaskipti við hreyfingu sólar og jarðar
- búi til eigin steingervinga, t.d. með því að móta í gifs og fylla mótið með mold
- skoði og fjalli um áhrif mannsins á jarðefni, t.d. byggingar, vegavinnu og námugróft
- geri veðurathuganir yfir ákveðið tímabil og kanni hitastig, ofankomu og styrkleika vinds
- þekki mun á virkum og óvirkum eldstöðvum
- geri athugun á vatnsnotkun á heimili yfir ákveðið tímabil

Úr lífvísindum

- geri athuganir þar sem fylgst er með einföldum lífsferlum, s.s. sáningu fræja og útungun eggja
- geri sér grein fyrir að barn verður til vegna samruna efna frá báðum foreldrum
- skoði útlitseinkenni og velti fyrir sér hvaða einkenni hafa erfst frá föður og hver frá móður



- ræði um hvernig umhverfi lífvera og mismunandi lífsskilyrði geta mótað einkenni þeirra, s.s. með samanburði á fuglum í votlendi og skógi
- geti flokkað dýr eftir því hvað þau éta, þ.e. hvort þau nærast á plöntum eða öðrum dýrum
- geri ýmsar athuganir á eigin líkama, s.s. á hæð, stærð fótar og handar
- þekki helstu líffæri og starfsemi þeirra, s.s. hjarta, maga og lungu

Námsgögn og leiðir

Fjölbreytileg vinna höfð að leiðarljósi. Gerðar verða ýmsar tilraunir og veðurathuganir. Leggjum áherslu á útiveru þar sem nemendum er kennt á umhverfið og náttúruna. Unnið verður með hluti sem m.a. tengjast vatni, ljósi, skuggum, lofti og hreyfingu. Nemendur munu einnig ræða áhrif sólarljóssins á lífríkið, mikilvægi vatns og áhrif mannsins á umhverfi sitt. Samþætting við stærðfræði, myndmennt, samfélagsfræði og ritun.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna, ályktunarhæfni, vinnubækur og vinnubrögð metin jafnóðum. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.

Kristinfræði

Markmið

- Að nemandi
- kynnist völdum frásögum úr Gamla testamentinu í einfaldaðri mynd, t.d. frásögunni af Adam og Evu í aldingarðinum Eden, Kain og Abel og Nóa
- viti hvað aðventa merkir og hafi kynnst siðum og tónlist sem tengist henni
- kynnist frásögum úr lífi Jesú, t.d. af góða hirðinum, týnda sauðnum, Sakkeusi, Bartímeusi blinda og fiskidrættinum mikla
- kynnist frásögum af dauða og upprisu Jesú
- skoði og ræði listaverk sem túlka efni Biblíunnar og fái tækifæri til eigin listsköpunar
- temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli og hjálpssemi og vandamál tengd einelti og bakmælggi
- fái fyrstu kynni af íslam með frásögnum af jafnöldrum

Námsgögn og leiðir

- Nemendur lesa, taka þátt í samræðum og vinna verkefni upp úr námsbókinni *Regnboganum*. Auk þess styðjumst við við *Biblíuna*, *Barnabiblíu* o.fl. Áhersla á einstaklingsvinnu og hópavinnu.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna, vinna og vinnubrögð metin jafnóðum. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.



Enska

Markmið

Markmiðið er að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til tungumálsins.

- Að nemandi
- Kynnist ensku talmáli
- Læri að nota einfaldar samskiptareglu, þ.e. geti kynnt sig, heilsað/hvatt, boðið góðan daginn/góða nótt og þakkað fyrir sig
- Læri að telja
- Þekki heiti lita
- Þekki orð sem notuð eru um fjölskyldumeðlimi
- Þekki heiti mánuða og vikudaga
- Geti haft eftir söngva og rím

Námsgögn og leiðir

- Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti. M.a. verður unnið með námsefnið *Right on!*, barnabækur, geisladiska, margmiðlunarefni, myndbönd og verkefnablöð.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna, vinna og vinnubrögð metin jafnóðum. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.

Lífsleikni

Markmið

- Samkvæmt *aðalnámskrá grunnskóla* hefst kennsla í lífsleikni í 4. bekk en í 2. bekk verða unnin ýmis verkefni sem tengja má lífsleikni.

Námsgögn og leiðir

Áfram verður unnið eftir uppbyggingarstefnunni. Mikið verður um endurtekningar frá síðasta skólaári til frekari þjálfunar og kunnáttu. Þar er átt við m.a. reglur, samskipti, góðan bekkjaranda og fl. Smátt og smátt bætast við þættir eins og umræða um þarfir. Lögð er áhersla á að efla umburðarlyndari og sjálfstæði nemenda, að þeir geti sett sig í spor annarra, borið ábyrgð á eigin gjörðum, hegðun og ákvörðunum.

Lífsleikni fléttast inn í öll fög og viðfangsefni í skólanum. Umræður gegna veigamiklu hlutverki, bæði um fyrirfram ákveðin efni og einnig það sem upp kemur hverju sinni.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna, vinna og vinnubrögð metin jafnóðum. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.



Upplýsinga- og tæknimennt

Markmið

Tæknilæsi

- Að nemandi:
- tileinki sér rétta líkamsbeitingu við innslátt á texta
- átti sig á hvernig lyklaborð skiptist í hægri og vinstri hluta
- geti ritað texta í ritvinnslu
- kunni að nota ákveðna sérlykla á lyklaborði, s.s. að eyða texta, leiðrétta texta og rita
- stóra stafi
- geti vistað skjöl og náð í vistuð skjöl á hörðum diskum og disklingi
- geti nýtt sér efni af margmiðlunardiskum eða Neti sem hæfir þessum aldurshópi

Upplýsingalæsi

- átti sig á mun á skáldsögum og fræðibókum og viti hvar gögnin eru geymd í safninu
- geti fundið lykilorð í einföldum texta og endursagt aðalatriði
- geti mótað spurningar og leitað svara í léttum fræðibókum
- læri á útlánakerfi safnsins

Menningarlæsi

- komi reglulega á skólasafnið og fylgist með sögustundum
- hafi reglulega fengið lánuð gögn á skólasafninu
- hafi fengið kynningu á ýmsum tegundum bókmennta, einkum þjóðsögum og ævintýrum.

Námsgögn og leiðir

- *Tæknimennt*: Unnið verður á Ritþjálfu og farið í tölvuver. Nemendur hvattir til að nota rétta fingrasetningu á lyklaborð og kennt að nota ýmsa sérlykla. Nemendur læra að skrá sig inn og út úr tölvum, kynnist ýmsum kennsluforritum, word og netinu. Með þessu læra þau að nýta sér upplýsingatæknina til frekara náms, afla sér upplýsinga og búa þau undir frekara nám í framtíðinni.
- *Upplýsingamennt*: Kennslan fer fram á bókasafni skólans og fær hver bekkur einn tíma á safninu í hverri viku í u.þ.b. eina önn - og er reiknað með skiptitíma (hálfum bekk í einu).
- Nemendur læra um muninn á skáldsögum og fræðibókum með því að skoða og lesa bækur úr báðum flokkum og læra að finna þær á safninu. Þau æfa sig í að fá bók að láni með það að markmiði að þau verði sjálfstæðir safnnotendur. Sérstök áhersla er lögð á góða umgengni og þær reglur sem gilda á bókasöfnum almennt.
- Lesið er fyrir börnin og áhersla lögð á þjóðsögur og ævintýri. Þau kynnast því hvað er *munleg geymd* og búa saman til *myndasögu* þar sem rakin er ein saga í hverjum hópi (þjóðsaga eða ævintýri) - og æfa sig í að segja hana.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna, vinna og vinnubrögð metin jafnóðum.



Heimilisfræði

Markmið

- Að nemandi
- læri hvers vegna fæðutegundum er raðað í fæðuhring
- geti gert samanburð á hollum og óhollum fæðutegundum
- læri um mikilvægi góðrar tannhirðu
- þekki einföldustu eldhúsáhöld og geti notað þau
- læri að fara eftir einföldum uppskriftum og að þekkja skammstafanir s.s. dl., msk. og tsk.
- læri að umgangast hnífa og hvernig á að nota þá
- læri um almennt hreinlæti og umgengni
- læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu
- venji sig á að ganga alltaf vel um

Námsgögn og leiðir

- Nemendum er skipt í fjóra hópa sem mæta til skiptis einu sinni í viku allan veturinn, tvær kennslustundir í senn. Nemendur vinna í litlum hópum eða öll saman. Þau fá að hræra og hnoða deig og búa til einfalda rétti. Nemendur vinna verkefni í námsefninu *Hollt og gott, heimilisfræði fyrir annan bekk*. Þar eru uppskriftir sem unnið er með, einnig eru notaðar uppskriftir frá kennara.

Námsmat

Vinnusemi og virkni metin eftir hvern tíma, umsögn er gefin við annaskil.

Tónmennt

Markmið

Að nemandi:

- hafi á valdi sínu aukinn lagaforða í fjölbreyttum stíltegundum
- flytji lög í hópi með áherslu á túlkun og textaframburð
- flytji tón- og hrynmunstur eftir heyrn og grafískum nótnataknum
- öðlist aukna færni á einföld skóla- og heimatilbúin hljóðfæri (bæði hryn- og lagrænt)
- kanni, velji og setji saman hljóð frá hljóðgjöfum eins og röddum, líkamanum og hljóðfærum og búi þannig til tónlistarhugmyndir, hljóðmyndir og einföld tónverk
- finni leiðir til að geyma tónlistarhugmyndir sínar og tjá öðrum þær
- fái markvissa þjálfun í takt- og lagskyni með iðkun tónlistar
- vinni áfram með tónlistarhugtök, s.s. veikt og sterkt, háa og djúpa tóna, hratt og hægt, bjart og dimmt
- þekki og geti greint á milli algengustu skólahljóðfæra eftir heyrn, sjón og nafni
- geti hlustað á fjölbreytta tónlist með athygli, sýni viðbrögð við henni og greini notkun efnispátta, s.s. tónhæðar, tónlengdar, hryns og áherslu



- noti einföld orð til að greina notkun efnispátta og áhrif þeirra á fjölbreytt tónverk sem hann hefur hlustað á

Námsgögn og leiðir

Nemendur iðka tónlist með söng, hljóðfærslætti, hlustun og hreyfileikjum. Notað er námsefnið Það var lagið! ásamt ýmsum söngleikjum sem valdir eru hverju sinni. Blokkflautukennsla er í minni hópum. Þar er lögð áhersla á jákvæða og örvandi upplifun á tónlist þannig að nemendur séu hæfari til þess að mynda sér skoðun um frekara hljóðfæranám síðar. Námsefnið heitir Flautað til leiks 1. Í maí eru sameiginlegir lokatónleikar á vegum Tónlistarskólans á Akureyri þar sem allir blokkflautunemendur í 2.bekk koma fram og spila hvert fyrir annað.

Námsmat

Umsögn við annaskil. Formlegt námsmat að vori.

Handmennt

Markmið

- Að nemandi
- öðlist færni í að klippa út form
- saumi nokkur einföld útsaumsspor
- læri að ganga frá enda
- geri tilraunir með að lita/mála/þrykkja á vefjarefni
- þjálfist í að sauma saman tvö stykki með þræðispori
- þjálfist í að vinna með eigin teikningu
- fjalli um þrívítt form
- þæfi ullarkembur og/eða ullarefni
- geri tilraunir með fingraprjón
- geri sér grein fyrir textílvinnuferli, þ.e. hvernig lítil hugmynd verður að fullunnum hlut
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- fræðist um mismunandi aðferðir við að ná settu marki
- skoði íslenska ull og þau áhöld sem notuð hafa verið við vinnslu ullar
- þjálfist í að meta eigin verk

Námsgögn og leiðir

Nemendur vinna með ólíkan efnivið, m.a. endurnýtanlegt efni. Nemendur vefa, sauma krosssaum, þræðispor og aftursting í pappír og java/stramma, vinna með garn og ýmis önnur efni. Mikil samþætting við aðrar greinar.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna, vinna og vinnubrögð metin jafnóðum. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.



Myndmennt

Markmið

- Að nemandi
- vinni myndræna frásögn úr nánasta umhverfi, upplifunum og ímyndunum með því að vinna á fjölbreytilegan hátt með viðeigandi efni, verkfæri og aðferðir
- geri litablöndur úr frumlitunum og þekki sex lita hringinn
- þekki hugtakið áferð og geti beitt því í mynd
- þekki hugtakið lína og beiti henni á mismunandi hátt í mynd til að fá fram ólík áhrif
- setji sér einfaldar reglur um frágang verkefna, efna og áhalda
- skoði mismunandi mynddæmi sem tengjast þeim verkefnum, hugtökum og miðlum sem unnið er að hverju sinni
- þekki helstu listaverk í nánasta umhverfi skólans, t.d. í skólanum sjálfum, í íbúðahverfinu eða heimabyggð og fræðist um listamennina sem gerðu þau
- geti rætt inntak myndverks og sögu þess
- geti greint aðalatriði og aukaatriði myndar
- geti skilgreint munnlega eftir mynddæmum þætti er koma fram í mynd, s.s. grunnform, frumliti, einföldustu litablöndur, mismunandi tegundir lína
- lýsi munnlega skoðun á mynd á eigin forsendum

Námsgögn og leiðir

Atburðir og upplifanir túlkaðar á myndrænan hátt og með fjölbreyttum aðferðum og efnivið. Nemendur læra um frumlitina, heita og kalda liti og gera einfaldar litablöndur. Unnið verður með ýmsan efnivið og ýmislegt sem náttúran hefur upp á að bjóða. Mikil samþætting við aðrar greinar.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna, vinna og vinnubrögð metin jafnóðum. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.

Íþróttir

Markmið

- Að nemandi
- þjálfist í æfingum og leikjum sem efla samspil skynjunar og hreyfingar
- þjálfist áfram í grunnhreyfingum og læri að tengja mismunandi hreyfingar saman, s.s. með að hlaupa og stökkva yfir hindrun, kollhnís áfram og upphoppi, jafnvægisgöngu á bita eða bekk, að rekja bolta á hlaupum, að kasta og grípa á hlaupum
- þjálfist í æfingum með ýmis áhöld, s.s. prik, keilur, kassa, bönd, slæður
- taki þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og spennu, s.s. eltingaleikjum, staðarleikjum eins og t.d. að hlaupa í skarðið, feluleikjum utanhúss, einföldum boltaleikjum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum, einföldum ratleikjum og boltaleikjum



- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, staðarleitarleikjum, feluleikjum, bolta- og hittnileikjum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, s.s. kraft og leiknileikjum
- þjálfist í leikrænum æfingum sem efla líkamspól, s.s. boðhlaupi, stöðugu hlaupi á rólegum hraða í um 5 mínútur
- þjálfist í leikrænum æfingum sem efla kraft, s.s. styrkjandi og mótandi æfingum langstökki án atrennu, armgangi á bita eða slá
- þjálfist í leikrænum æfingum sem efla hraða, s.s. viðbragði við merki kennara, 20-30 m spretthlaupi
- iðki íþróttir og leiki á skólalóð eða í næsta nágrenni skólans
- fari í gönguferðir, ratleiki og stundi útivist á öllum tímum skólaársins
- taki þátt í dans- og söngvaleikjum
- taki þátt í leikjum eða æfingum þar sem reynir á samvinnu tveggja eða nokkurra einstaklinga
- auki skilning sinn á því hvað er rétt eða rangt í leikjum og fái að tjá skoðun sína
- kynnist aðstæðum á leikrænan hátt sem veita spennu, ögrun, óvissu
- læri að spenna og slaka á vöðvum og hvílast
- taki þátt í æfingum og leikjum sem efla sjálfstraust, viljastyrk
- taki þátt í umræðu eða verkefni um gildi hreyfingar
- læri a.m.k. einn til tvo gamla íslenska leiki
- læri að taka fram og ganga frá áhöldum á réttan og öruggan hátt
- þjálfist í leikrænum æfingum þar sem notuð eru helstu líkamsheiti, s.s. höfuð, bolur, brjóst
- þjálfist í að vinna með magn- og afstöðuhugtök eins og fleiri — færri, lengri — styttri, hægri — vinstri, undir — yfir
- sé fljótur að tileinka sér skipulagsform eins og að mynda röð, línu, hring, hóp
- læri að bregðast við fyrirmælum og tileinki sér réttar reglur í leikjum
- tileinki sér gildandi umgengnisreglur í íþróttamannvirkjum, s.s. að ganga frá fötum, ganga frá handklæði, þvo sér, þurrka sér
- fræðist um mikilvægi þess að beita líkamanum rétt og stunda hléæfingar við tölvunotkun, setu við skólaborð

Leiðir

Íþróttafatnaður, þ.e. stuttbuxur og stuttermabolur (ekki skór). Nemendur fara í leiki og gera leikrænar æfingar með eða án bolta. Nemendur fá að kynnast hinum ýmsu áhöldum, aðallega í formi stöðvahringja, þar sem þeir efla um leið hreyfiþroska sinn og áræðni, fá útrás fyrir hreyfiþörf sína og leggja grunn að bættu líkamsþreki og liðleika. Áhersla lögð á samvinnu og samskipti við aðra.

Útiþróttir

Leitast er við að allar bekkjardeildir sækji íþróttatíma úti, á skólalóð, 3 vikur í september og 3 vikur í maí. Helsta markmið þessara tíma er að leggja áherslu á mikilvægi útiveru. Tímarnir byggjast á ýmsum leikjum, útihlaupum og almennri útiveru. Nemendum er bent á viðeigandi klæðnað til íþróttaiðkunar, þ.e. síðar íþróttabuxur, peysa og góðir skór til að hlaupa í.

Námsmat

Að miklu leyti huglægt mat sem byggist á virkni, áhuga, hegðun og framförum nemenda. Kannanir lagðar fyrir og hafðar til hliðsjónar við lokamat. Á 1. og 2. önn eru gerðar athugasemdir en í lok 3. annar er formlegt námsmat.



Sund

Markmið

- Að nemandi
- þjálfist í ýmsum æfingum og leikjum sem þroska jafnvægisskyn, sjónskyn, heyrnarskyn, snertiskyn, vöðva- og liðamótaskyn, samspil skynfæra
- læri að spenna og slaka á vöðvum í vatni
- tileinki sér samþættingu fjölbreyttra hreyfinga, s.s. að beygja hné og kreppa ökkla, spyrna sér frá bakka og láta sig fljóta áfram
- nái tökum á fjölbreyttum æfingum sem reyna á samspil skynfæra og samhæfingu hreyfinga, s.s. marglyttufloti, með því að rétta úr sér, spyrnu frá bakka og rennsli með andlit í kafi, a.m.k. 2,5 m
- hoppa af bakka í grunna laug
- nái tökum á 10 m bringusundi, með eða án hjálpartækja, 10 m skólabaksundsfóta tökum, með eða án hjálpartækja, 8 m skriðsundsfótatökum (armar teygðir fram), með eða án hjálpartækja
- taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem reyna á samspil skynfæra, s.s. kaffleikjum, boltaleikjum, eltingaleikjum
- þjálfist í æfingum og leikjum með ýmis áhöld eins og prik, flár, dýnur, blöðrur, bolta
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum, boðsundsleikjum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, kappleikjum, boltaleikjum
- þjálfist í æfingum í leik sem efla þrek og aðlögun að vatni, s.s. að hoppa í gegnum gjarðir, blása í tennisbolta sem flýtur, ýta eða toga féлага sem flýtur
- þjálfist í dans- og söngvaleikjum sem hægt er að nota í vatni
- fái tækifæri til þess að búa til nýja leiki í vatni
- þjálfist í sköpun og frjálsum hreyfingum í vatni
- tileinki sér helstu samskiptareglur sem í gildi eru
- tileinki sér samskiptafærni eins og að hlusta, tjá skoðun sína, bíða, bregðast við
- upplifi spennu, ögrun og óvissu með þátttöku í æfingum og leikjum í vatni
- þjálfist í leikrænum verkefnum sem krefjast félagslegra samskipta, s.s. að taka tillit til annarra, hjálpa öðrum, veita öðrum hvatningu
- þjálfist í æfingum og leikjum sem veita öryggistilfinningu í vatni
- tileinki sér hreinlæti fyrir og eftir sundkennslu, að mæta í sundkennslu með hrein sundföt, að fara eftir bað- og umgengnisreglum sundstaðar
- læri helstu hugtök sem notuð eru í byrjendakennslu í sundi
- tileinki sér skipulagsform eins og röð, línu, hring, hóp
- læri að bregðast fljótt við flautuhljóði eða rödd kennara
- læri að ganga frá kennslutækjum
- læri að þvo sér og þurrka
- læri að fylgja öryggisreglum sundstaðar
- taki eitt sundstig árlega.
- efli þrek, félagslegan- og líkamlegan þroska og sjálfstraust og þekki og virði umgengnisreglur á sundstað.

Námsgögn og leiðir

Sundbolur og sundskýla, ekki bíkíni eða síðar buxur þar sem slíkur fatnaður hamlar sundfærni. Verkefni tilheyrandi hverju sundstigi. Aðlögun, leikir, köfun og flot.



Námsmat

Sundstigsspróf. Umsögn gefin um mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Formlegt námsmat að vori.

- 2. sundstig (samræmd markmið í 2. bekk):
- Marglyttuflot með því að rétta úr sér.
- 10 metrar bringusund með eða án hjálpartækja.
- 10 metrar skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja.
- Spyrna frá bakka og renna með andlit í kafi, að lágmarki 2.5 metrar.
- Hoppa af bakka í laug.